

Ár 2013, fimmtudaginn 21. nóvember fundaði stjórn SSNV í síma kl. 08:00.

Mætt til fundar: Ágúst Þór Bragason, Bjarni Jónsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir, Þóra Sverrisdóttir, Leó Örn Þorleifsson og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Ingvar Erlingsson fulltrúi Fjallabyggðar tók þátt fundinum undir dagskrárlið nr. 1.

Dagskrá:

1. Aukaþing vegna málefna fatlaðs fólks, 5. desember 2013.
2. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Farið var yfir fyrirleggjandi gögn og fundarboð vegna aukaþings um málefni fatlaðs fólks sem haldið verður 5. desember nk.
Ingvar Erlingsson er nýr fulltrúi Fjallabyggðar í samstarfi um málefni fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu og var hann boðinn velkominn til starfa.
Stjórn samþykkir fyrirleggjandi drög að fundarboði með þeim breytingum sem rædd voru á fundinum.
Starfshópur um málefni fatlaðs fólks mun skila tillögum og gögnum á fundi sem haldinn verður í Miðgarði í Skagafirði 28. nóvember nk. Ráðgert er að þjónustuhópur, starfshópurinn og stjórn SSNV fari þar í sameiningu yfir gögn og tillögur sem unnið er að fyrir aukaþingið 5. desember nk.
2. Ágúst Þór Bragason, Þóra Sverrisdóttir og Katrín María Andrésdóttir greindu frá fundi sem þau sátu í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu þann 20. nóvember sl. ásamt Guðjóni Bragasyni, sviðsstjóra velferðar- og lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sjá einnig trúnaðarbók.
3. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 09:00.